

160

Skrás. 1923 nr. 42.

Westminster Tobacco Co., Ltd., London, 22. nóv.

Skrás. 1923 nr. 44.

A/S Jens Villadsens Fabrikker, København, 27. nóv.

Skrás. 1923 nr. 45.

Jönköpings og Vulcans Tändsticksfabriks A/B, Stockholm, 11. desember.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík,
31. desember 1933.

161

14. maí

REGLUGERÐ

fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu um hreinsun hunda af bandormum
og varnir gegn sullaveiki.

1. gr.

Allir hundar í sýslunni tveggja mánaða og eldri skulu hreinsaðir af bandormum og baðaðir á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. desember ár hvert. En auk þess getur sýslunefndin fyrirskipað aðra allsherjarhundahreinsun, er henni þykir ástæða til.

2. gr.

Sýslunefndin sér um framkvæmd á hundahreinsun í sýslunni og skal oddviti í samráði við héraðslækna, ráða einn eða fleiri menn í hverjum hreppi til starfsins. Þó er heimilt að skipa einn mann yfir stærra svæði, ef hentugra þykir. Skulu þeir menn hafa notið tilsagnar læknis áður en þeir hefja starfið, og hlýða leiðbeiningum hans.

3. gr.

Hundahreinsunarhús með baðkeri, eitt eða fleiri, skal hreppsnefnd sjá um að til séu í hverjum hreppi, og greiðist kostnaður af þeim úr sveitarsjóði.

4. gr.

Héraðslæknar sýslunnar annast útvegum meðala og baðlyfja til hundahreinsunar, og greiðast þau úr sýslusjóði.

Kaup lækningamanns skal miðað við ákveðið gjald fyrir hvern hund, sem hreinsaður er, og greiðist það einnig úr sýslusjóði.

5. gr.

Lækningamaður auglýsir, með ekki skemur en viku fyrirvara, hvenær lækning skuli fara fram í hreppnum, og skulu hundaeigendur skyldir til að koma með hunda sína á lækningastaðinn og hjálpa til við að koma þeim fyrir eftir því, sem hundahreinsunarmaður mælir fyrir.

Banni gild forföll, svo sem veikindi eða ófært veður, skulu þeir koma með hunda sína síðar, er ekki gátu mætt á tilsettum tíma, eftir því sem lækningamaður ákveður, en greiða skulu þeir honum 2 krónur sem aukabóknun fyrir hvern hund.

161
14. maí

6. gr.

Nú er hundi skotið undan hreinsun og er hann þá rétt dræpur, og ber lækningamanni að drepa slíkan hund, ef hann fær því við komið, en tilkynna ella hreppstjóra, er sér um að hundurinn sé drepinn.

Komi bandormar niður af sama hundi 2 ár í röð, er skylt að lóga honum, og skal lækningamaður gera það þegar í stað.

7. gr.

Hreppstjórar skulu láta lækningamanni í té skrá yfir framtal hunda í hreppnum, til afnota við lækninguna. Ennfremur skal lækningamaður hafa bók, lög-gilta af sýslumanni, og greiðist hún úr sýslusjóði. Í bók þessa ritar lækningamaður nöfn hundaeigenda í hreppi hverjum, tölu og aldur hunda hjá hverjum þeirra, og ennfremur hve margir koma til lækninga og árangurinn af lækningunni. Oddviti sýslunefndar kveður nánar á um fyrirkomulag bókarinnar, svo og skýrslugjöf lækningamanns um störf hans, til sýslunefndar og héraðslækna.

8. gr.

Skylt er mönnum að varna því sem verða má, að hundar nái að eta sulli eða nokkuð annað ósoðið af innýflum eða kjöti alidýra, og ber að fullsjóða allt kjötmeti, er hundar eru fóðraðir á. Einnig skal gæta þess, að hundar komist ekki í matarílát, vatnsílát eða vatnsból, að þeir hafist ekki við í baðstofum og öðrum íbúðarherbergjum eða búrum, og börn leiki sér ekki við þá. Þess skal gætt, að hundar sleiki ekki hráka eða uppgang úr mönnum. Þessar og aðrar nauðsynlegar varúðarreglur gegn sullaveiki skulu bæði heilbrigðisnefndir þar sem þær eru til, en annars hreppsnefndir og hreppstjórar, brýna fyrir mönnum, er tilefni og tækifæri er til.

9. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeið, og þannig fyrir komið og útbúin, að öruggt sé að hundar nái ekki í að eta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellingum ílát með loki undir sulli og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessa sollnu líffæri eða grafa þau minnst fullan meter í jörð niður.

Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást fara eftir fyrirskipunum héraðslæknanna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

10. gr.

Heimilt er sýslunefndinni að verja eitthvert ár úr sýslusjóði allt að upphæð alls hundaskatts úr sýslunni næsta ár á undan, til þess að rannsaka árangur af

161 hundahreinsun og annað það, sem að útrýmingu sullaveiki lýtur, og til að gefa 14. maí ráð og leiðbeiningar til varnar gegn sullaveiki.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200,00 kr., er renna í sýslusjóð.

12. gr.

Mál, sem rísa út af reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. ágúst 1933.

14. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu um hreinsun hunda af bandormum frá 1897 og breyting á sömu reglugerð 1906.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu 12. apríl 1933.

Skrifstofa Ísafjarðarsýslu, 14. maí 1933.

Sig. Eggerz.